

## 82. fundur

Fundur í **safna- og menningarmálanefnd** haldinn á Ráðhúsloftinu miðvikudaginn 12. september kl: 18.10.

Mættir: Símon Sturluson, Sesselja Pálsdóttir, Magda Kulinska, Ragnheiður Óladóttir og Dagbjört Höskuldsdóttir.

Anna María Rafnsdóttir mætti ekki.

Dagskrá:

1. Forstöðumaður amtbókasafns segir frá rekstrinum það sem af er árinu.
2. Norðurljósin 2012 í október- sagt frá undirbúning
3. Rætt um málefni safna í bænum, opnunartíma og fl
4. Önnur mál.

Dagbjört setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Ragnheiður Óladóttir sagði að reksturinn í safninu gengi sinn vanagang, Árni Valgeirsson hefur unnið þar í sumar í hlutastarfi og stundum fullu starfi. Sigurður Bjarnason mun koma til starfa 1. október. Útlán svipuð á bókum minni á DVD en Ragnheiður sagði að auka þyrfti kaup á DVD diskum en ekki væru til fjármunir í það. Talsverð ásókn í tölvunotkun en mest eru það ferðamenn. Ábending kom um að kanna verðskrá annarra safna. Dagbjört spurði um verðskrá um millisafnalán og ætlar Ragnheiður að kanna það einnig. Eiríkur Örn Nordahl er nú í Vatnasafnsíbúðinni og ætlar Ragnheiður að ræða við hann um að vera með upplestur við tækifæri. Í framhaldi af þessu og undir þriðja lið var einnig rætt um önnur söfn og þá möguleika sem væru á að auka opnunartíma þeirra vegna ferðamanna. Leyfi fékkst hjá aðstandendum Vatnasafnsins sl. vor að rukka inn aðgangseyri. Er því til svolítill sjóður sem mætti nýta til þessa. Verður það skoðaða í næstu viku. Rætt um gamla hugmynd Ólafs Oddsonar sem var í safnanefnd en lést á árinu, um safnavini. Einnig um einhverskonar safnapassa, sem virkaði þannig að hægt væri að kaupa með afslætti passa sem gengi á öll söfnin. Einnig voru fundarmenn sammála um að það þyrfti að tryggja afþreyingu í Stykkishólmi fyrir ferðamenn og ekki síður þjónustu svo sem mat og drykk. Annars væri erfitt að auglýsa bæinn upp sem ferðamannabæ.

Dagbjört sagði svo frá undirbúningi að Norðurljósum, lista og menningarhátíðinni sem halda á 18. – 21. október. Undirbúningur er kominn vel á veg, nefndin búin að hafa samband við mjög marga listamenn og tryggja húsnæði af ýmsum gerðum. Kórar, félög og samtök í bænum ætla að vera með dagskrár og uppákomur af ýmsu tagi. Veitingarstaðir, gallerí og ýmsir aðrir verða með aukinn opnunartíma og jafnvel dagskrá. Stórir tónleikar sem enn eru í mótun verða á fimmtudagskvöldið sem opunaratriði. Haldin verður listsýning listamanna sem tengjast Hólminum. Er þar mörg spennandi nöfn. Virðist að von sé á frábærri skemmtun og eina áhyggjuefnið að erfitt verði að velja á milli atriða.

Undir liðnum önnur mál sagði Dagbjört frá áhuga Grétu Sigurðardóttir og fleiri um að halda í febrúar mánuði svokallaða Bókamessu. Er það ákaflega spennandi verkefni og rétt að styðja við það sem best.

Símon minntist á erindi sem Haraldur Sigurðsson er að halda í Reykjavík um tengsl jarðfræði og myndlistar. Væri gaman að fá hann til að flytja það hér – ef til vill í tengslum við Norðurljósín.

Áformað er að halda annan fund í nóvember.

Fleira ekki gert fundi slitið.

Dagbjört Höskuldsdóttir ritaði fundargerð.